

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

8. desember 2020

Lyklafellslína 1 og Ísallína 1- tillaga að matsáætlun.

Heilbrigðiseftirliti barst með bréfi dagsettu 12. nóvember 2020 erindi frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis á tillögu að matsáætlun um framkvæmdir við Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 1.

Matið nær að mestu til framkvæmda sem eru utan eftirlitssvæðis Kjósarsvæðis. Lítt hluti af línunum er þó innan Kjósarsvæðis sem og fyrirhugað nýtt tengivirki við Lyklafell.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis tekur að öllu leyti undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um tillöguna.

Það mun koma í hlut Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis að veita starfsleyfi fyrir áformað nýtt tengivirki við Lyklafell, á móts við Sandskeið ásamt hugsanlegum starfsmannabúðum þeim tengdum. Til framtíðar gætu hugsanlegar línulagnir í norður frá Lyklafelli lent undir starfsleyfi frá Kjósarsvæði en sú línulögn er ekki í framlögðu mati.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson
framkvæmdastjóri